

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir byggingarreit norðan byggðasafns Hafnfirðinga fyrir Beggubúð (Strandgötu 5), ásamt safnagarði með möguleikum til leikja.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 23. ágúst 2002.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 63/2001 fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Gildissvið og eignaraðild.

1. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi gildir um veitusvæði hitaveitunnar sem er Laugarbakki í Miðfirði, Hvammstangi við Miðfjörð og Reykjatangi við Hrutafjörð.

2. gr.

Verkefni hitaveitu.

3. gr. orðist svo:

Það er verkefni hitaveitunnar að afla heits vatns úr borholum í landi Reykja í Miðfirði og Reykja í Hrutafirði og dreifa því til notenda gegn gjaldi sem ákveðið skal í gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra.

3. gr.

Veitukerfið.

5. gr. orðist svo:

Hitaveita Húnaþings vestra tekur við öllum eigum Hitaveitufélags Miðfirðinga, Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps og Hitaveitu Hvammstanga sbr. 1. gr., sem voru í eigu Hvammstangahrepps og Ytri-Torfustaðahrepps fyrir sameiningu sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu hinn 7. júní 1998. Ennfremur tekur Hitaveita Húnaþings vestra við öllum hitaveitulögnum og borholum sem Húnaþing vestra hefur kostað á Reykjatanga við Hrutafjörð. Hitaveita Húnaþings vestra selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið að tilstuðlan sveitarstjórnar eða kunna að verða gerð í Húnaþingi vestra samkvæmt gjaldskrá fyrir hvert hitaveitusvæði eins og þau eru eða verða skilgreind í gjaldskrá.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.